

Nd.

159. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29, 20. júní 1923, um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Aftan við 3. grein laganna bætist: eða stundað vjelgæslu samkvæmt 2. grein að minsta kosti 12 mánuði.

2. gr.

Fyrir orðin «6 mánuðir» í 4. gr. áðurnefndra laga komi: 12 mánuðir.

3. gr.

5. grein laganna orðist svo:

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir skirteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði aðstoðarvjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

4. gr.

2. málsgr. 7. gr. orðist svo:

Þeir vjelstjórar og vjelgæslumenn á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi 12 mánuði eða lengur áður en lög þessi öðlast gildi, halda þó rjettindum sínum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

6. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 29, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.